

FUNDARBOÐ

**231. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn í Hjálmakletti, miðvikudaginn 12. október 2022 og hefst kl.
16:00**

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2204068 - Tillaga að breyttum sameignarfélagssamningi Faxaflóahafna til umræðu og samþykktar

Afgreiðsla 595. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar:

"Byggðarráð samþykkir framlögð drög að sameignarfélagssamningi Faxaflóahafna og drög að eigendastefnu Faxaflóahafna með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar."

3. 2208021 - Breyting á samþykktum Borgarbyggðar 2022

Afgreiðsla 230. fundar sveitarstjórnar Borgarbyggðar:

"Sigurður Guðmundsson ber upp þá tillögu að vísa umræðu um fækkun kjördeilda inn í byggðarráð að nýju.

Samþykkt samhljóða.

Forseti ber upp þá tillögu að vísa tillögum til breytinga á samþykktum um stjórn Borgarbyggð til síðari umræðu.

Samþykkt samhljóða"

Afgreiðsla frá 608. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð mun halda áfram að fylgjast vel með þróun í notkun rafrænna kjörskráa sem gæti gefið tilefni frekari endurskoðunar á þessu ákvæði samþykktar. Byggðarráð telur þá breytingu sem liggur nú þegar fyrir hæfilegt skref í þá átt að einfalda framkvæmd kosninga en m.a. gekk erfiðlega að manna kjördeildir vegna breytinga á lögum um hæfi. Byggðarráð vísar tillögu að samþykktum að nýju til sveitarstjórnar óbreyttum."

4. 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi

Afgreiðsla frá 608. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirrita framlagðan viðauka með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar. Jafnframt er lagt til að hagrætt verði innan fjárfestingaráætlunar sveitarfélagsins til þess að koma til móts við þá útgjaldaaukningu sem verður vegna samkomulagsins. Er því vísað til gerðar viðauka sem

leggja skal fram samhliða endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á viðaukanum."

5. 2201128 - Birkihlíð - útboðsgögn, verðfyrirspurn

Afgreiðsla frá 608. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, Borgarverk ehf. Fyrir liggur að kostnaður skv. verðkönnun er umfram fjárheimildir í gildandi fjárhagsáætlun 2022. Skv. útboðsgögnum liggur fyrir að verkið klárast ekki allt á þessu fjárhagsári og verða því fjárheimildir því ekki fullnýttar m.v. tilboð lægstbjóðanda. Þeim kostnaði sem út af stendur er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2023."

6. 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga

Afgreiðsla frá 608. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkir aðild Borgarbyggðar að umdæmisráði barnaverndar með sveitarfélögum á landsbyggðinni og vísar fullnaðarafgreiðslu til næsta fundar sveitarstjórnar. Inga Vildís Bjarnadóttir félagsmálastjóri mætti til fundarins."

7. 2203156 - Móttaka flóttamanna

Afgreiðsla frá 609. fundi byggðarráðs:

"Byggðarráð samþykkir framlögð drög að samningi við Félags- og vinnu- og atvinnuleysisráðuneytið og Fjölmenningarstetur um þjónustu við einstaklinga sem hlotið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða alþjóðlega vernd og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar og er samþykkt hans vísað til samþykktar sveitarstjórnar. Yfirstandandi verkefni hefur gengið vel. Byggst hefur upp þekking í samfélaginu og þeir einstaklingar og fjölskyldur sem hingað hafa komið notið verndar og stuðnings og börn gengið í skóla. Ljóst er að fjármagn, aðgangur að þjónustu sérfræðinga og ekki síst framboð á húsnæði eru lykilatriði til að framhaldið verði farsælt. Þar reiðir Borgarbyggð sig að miklu leyti á samstarfsaðila sína í verkefninu."

8. 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022

Afgreiðsla 610. fundar byggðarráðs: "Lagt fram minnisblað vegna tillögu að viðauka V við fjárhagsáætlun ársins 2022. Í tillögunni er gert ráð fyrir hækkingu kostnaðar við snjósmokstur og hálkueyðingu 6,5 millj og deildina íþrótt- og æskulýðsmál 3,9 millj. Á móti kemur lækking á greiðslum til UMSB um 3,9 millj þar sem hluti af þeim verkefnum sem voru hjá UMSB hafa færst til sveitarfélagsins. Þá er inni í viðaukanum sala á tveimur fasteignum þ.e. Hnoðrabóli við Grímsstaði og Borgarbraut 14 sem ekki voru inni í upphaflegri áætlun en voru seld á árinu. Þá eru 27,8 millj settar í gatnagerð við Sóleyjarklett en lækkuð áætlun um framkvæmdir við íþróttamannvirki um sömu fjárhæð. Vísað til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar. Eiríkur Ólafsson sviðsstjóri fjármálaasviðs sat fund undir þessum dagskrárlíð."

9. 2201156 - Úrsögn úr afréttarfélagi

Afgreiðsla 610. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð Borgarbyggðar leggur til við sveitarstjórn að hafna beiðni eigenda Skarðshamra um lausn úr upprekstrarfélagi Þverárafréttar. Forsenda þess að hægt sé að halda úti afrétti í Þverárafrétti, sem öðrum afréttum í sveitarfélaginu, er að þeir aðilar sem staðið hafa að upprekstri að fornu og nýju beri sameiginlega ábyrgð á að hreinsa afrétt og viðhalda afréttinum. Byggðarráð

telur það forsendu þess að félagið sinni lögmaeltu hlutverki sínu að þær jarðir sem í afréttarfélaginu eru beri sameiginlega ábyrgð á rekstri og kostnaði við upprekstrarfélagið. Verulegir almannahagsmunir séu til staðar fyrir sveitarfélagið. Vakin er athygli á því að málsaðilar hafa kærurétt varðandi afsögn úr upprekstrarfélagi á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga til innviðaráðuneytisins. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun. Thelma Dögg Harðardóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið."

10. 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð

Afgreiðsla 130. fundar velferðarnefndar Borgarbyggðar:

"Tillögur að breytingum samþykktar. 7. gr.hljóði svo: Fjárþörf einstaklings: grunnupphæð er kr. 216.079 (2022) á mánuði og endurskoðast í janúar ár hvert miðað við launavísitölu í síðastliðnum nóvember. Sú upphæð hækkar miðað við fjölskyldustærð þannig: að 2ja manna fjölskylda, þ.e. tveir fullorðnir = 1,6 grunnupphæð og eftir það bætist við 0,2 grunnupphæð fyrir hvern einstakling. Fjárþörf einstaklings sem heldur heimili með öðrum skal reiknast 0,8 af grunnupphæð beri hann sannanlega kostnað af eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Framfærslugrunnur vegna einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 ? nú krónur 216.079 kr. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar eða staðfestingu á reglulegum leigugreiðslum a.m.k. sl. 3 mánuði. Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem bera ekki kostnað af eigin húsnæði eða leggja fram þinglýstan leigusamning eða aðra staðfestingu á leigugreiðslum sl. 3 mánuði lækkar um 40%. Grein 13. hljóði svo: Ef umsækjandi á rétt á aðstoð skv. III kafla, 1. 2. 3. eða 4. mgr. 11. eða 12. greinar skulu starfsmenn félagsþjónustu afgreiða málið, skrá það og kynna síðan fyrir velferðarnefnd. Samþykktir skulu ekki gerðar til lengri tíma en 3ja mánaða í senn. Aðrar umsóknir um fjárhagsaðstoð skulu afgreiddar af velferðarnefnd."

11. 2209010 - Samningur við Tröppu um talþjálfun

Afgreiðsla 211. fundar fræðslunefndar Borgarbyggðar:

"Fræðslunefnd leggur til að tillaga sviðsstjóra fjölskyldusviðs verði samþykkt og gerður verði samningur við Tröppu um talþjálfun. Er þetta mikið framfaraskref fyrir nemendur í Borgarbyggð. Ljóst er að einhvern tíma tekur að aðlaga okkur þessari nýju þjónustu og mun það verða útfært í samráði milli leikskóla og fjölskyldusviðs Borgarbyggðar."

12. 2101082 - Skólastefna 2021-2025

Afgreiðsla 211. fundar fræðslunefndar Borgarbyggðar:

Ingvar Sigurgeirsson kemur til fundarins og kynnir skólastefnurvinnuna fyrir nýrri fræðslunefnd. Farið yfir megininntakið í stefnunni og næstu skref. Fræðslunefnd samþykkir að vísa skólastefnunni til samþykktar í sveitarstjórn. Fræðslunefnd tekur til umræðu á næsta fundi sínum aðgerðaráætlun og áherslur/forgangsroðun verkefna út frá skólastefnunni. Fræðslunefnd mun hafa það hlutverk að vinna með aðgerðaráætlun fyrir skólastefnuna sem á að vera tilbúin fyrir jól. Ingvar mun aðstoða við þá vinnu. Ingvar mun, í samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs, vinna áfram að gerð minnisblaðs um skólalald og skólaskipan í Borgarbyggð. Nýja skólastefnan ber með sér mikinn metnað fyrir skólalaldi í Borgarbyggð næstu árin. Nú þarf að kynna stefnuna vel og gera hana sýnilega nemendum, starfsfólki skóla og foreldrum.

13. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Skipan varamanns í velferðarnefnd í stað Sigríðar Dóru Sigurgeirsdóttur en hún hefur hafið störf á fjölskyldusviði Borgarbyggðar.

14. 2111243 - Gjaldskrá Skipulags- og byggingardeildar 2022

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagðar tillögur að gjaldskrá skipulags- og byggingarfulltrúa."

15. 2209248 - Laugagerði - ósk um umsögn

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við nýtt deiliskipulag, Laugagerði, í Eyja- og Miklaholtshreppi en leggur áherslu á að hugað verði að mengunarvörnum m.t.t. verndunar lífríkis í Haffjarðará. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar."

16. 2208251 - Skíðsholt L136027 - Klettakot L198779 - Nafnabreyting

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila samruna lóðanna Skíðsholt L136027 og Skíðsholt Klettakot L198779.

Eftir samruna mun landið heita Skíðsholt L136027, stærð 376 ha."

17. 2209026 - Vilmundarstaðir 2 L216109 - Nafnabreyting

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila nafnabreytingu á Vilmundarstöðum 2 L216109. Mun landið heita Fljótseyri sem er eitt af örmerkjum á landinu."

18. 2209087 - Tilkynningarskyld framkvæmd mælimastur - Sigmundarstaðir L134748

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Fulltrúar minnihluta skipulags- og byggingarnefndar leggja fram eftirfarandi bókun: "Fulltrúar minnihluta skipulags- og byggingarnefndar telja ekki forsendur til samþykktar á umræddri tilkynningarskyldri framkvæmd, með vísan til þess að ekki liggur fyrir deiliskipulag né heimild í Aðalskipulagi Borgarbyggðar á svæðinu fyrir reisingu rannsóknarmasturs."

Davíð Sigurðsson, formaður skipulags- og byggingarnefndar leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun í málinu til atkvæðagreiðslu:

"Skipulags- og byggingarnefnd telur að um tilkynningarskylda framkvæmd sé að ræða sbr. gr. 2.3.6. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br. sem segir að framkvæmd skuli vera í samræmi við skipulag og önnur ákvæði reglugerðarinnar eins og við á hverju sinni.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að fela byggingarfulltrúa að heimila framlagða tilkynningarskylda framkvæmd þar sem hún er í samræmi við heimildir á landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Heimildin gildir til eins árs í takt við erindið, jarðraski skal haldið í lágmarki og að loknum mælingum skulu ummerki fjarlægð."

Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Á móti voru KRS og GSG."

19. 2210043 - Flatahverfi á Hvanneyri - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að gefa út framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar og lagnavinnu í Flatahverfinu á Hvanneyri með vísan til framlagðra gagna."

20. 2210033 - Birkihlíð í Varmalandi - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að gefa út framkvæmdaleyfi vegna vegna gatnagerðar og lagnavinnu við Birkihlíð á Varmalandi með vísan til framlagðra gagna."

21. 2208074 - Grjóteyri 2 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir landeigendum Grjóteyrar, Grjóteyrar 1, Grjóteyrartungu og Umhverfisstofnun Íslands."

22. 2208128 - Innra-Fell - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir landeigendum Hurðabaks og Hlíðarkletts."

23. 2206048 - Álfholt L-223706 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir landeigendum Hofstaða, Tómasarhaga Litla-Holts, Þrúðasels og Selhaga."

24. 2207174 - Grímarsstaðir 5 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir landeigendum Grímarsstaða og Grímarsstaða 4."

25. 2203018 - Húsafell 5 134504 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir sumarhúsaegendum að Klettsflöt 1-3."

26. 2206140 - Guðjónstún - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

Kynnt verði fyrir landeigendum Ferjubakka 1 Trana, Ferjubakka 2, Ferjubakka 2 Miðbæ, Ferjubakka 3, Ferjubakka 3 Efstabæ, Ferjukoti 3 og Miðbæ 2."

27. 2208114 - Jafnaskarðsskógssland 134883 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Kynnt verði fyrir landeiganda Jafnaskarðsskógsslands og eigenda sumarhúsa Lambhaga og Jafnaskarðsskógsslands Laufshaga."

28. 2209241 - Nes 3 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - L216102

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynnt verði óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum að Nesi, Nesi 2 og Nesi 3."

29. 2108070 - Hótel Varmaland fyrirhuguð uppbygging

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð að Varmalandi samkvæmt 42.gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum."

30. 2210032 - Galtarholt II - Breyting á deiliskipulagi - L135042

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Galtarholti II í Borgarbyggð frá árinu 2004 m.s.br. til auglýsingar. Lagður var fram uppdráttur dags. 27.09.2022. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

31. 2206254 - Breyting á deiliskipulagi Borgarbrautar 55, 57 og 59, er varðar Borgarbraut 55

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu aftur til auglýsingar þar sem breytingar frá auglýstri tillögu eru verulegar. Málsmeðferð verður skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

32. 2209098 - Húsafell-Frístundabyggð-Litlu-Tunguskógur-L219075

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að deiliskipulagi fyrir Litlu-Tunguskóg - Frístundabyggð til auglýsingar. Lagður var fram uppdráttur og greinargerð dags. 28.09.2022. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

33. 1812123 - Litlu-Tunguskógur - nýtt deiliskipulagi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi

Frístundabyggð í landi Húsafells III frá árinu 2007 samkvæmt 42.gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Niðurstaða skal auglýst og breytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar."

34. 2210035 - Norðtunga - Breytingar á aðalskipulagi - L234245-234246

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lýsingu til auglýsingar fyrir frístundasvæði í landi Norðtungu skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

35. 2209249 - Borgarbraut 55-59 - Umsókn um breytingu á aðalskipulagi - L135499

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar sem felst í hækkun á nýtingarhlufalli og auknu byggingarmagni á lóð Borgarbrautar 55 í Borgarnesi. Breytingin er gerð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Niðurstaða skal auglýst og breytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar."

36. 2103130 - Litlu-Tunguskógur L219075 - Húsafell - Breyting á aðalskipulagi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan tekur til 30 ha svæðis í landi Húsafells III þar sem skilgreint er íbúðarsvæði í stað frístundabyggðar."

37. 2207046 - Niðurskógur Húsafelli - Hraunbrekkur 34 L195348 - aðalskipulagsbreyting

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lýsingu til auglýsingar fyrir Niðurskóga í Húsafelli skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

38. 1902167 - Hraunsnef, breyting á aðalskipulagi

Afgreiðsla 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar:"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða breytingu á landnotkun 56,5ha svæðis í landi Hraunsnefs skv. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Nefndin leggur einnig til að sveitarstjórn samþykki til auglýsingar framlagða tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar.

Ekki er talið að það land sem mun breyta um landnotkun sé stærra en þörf krefur né hafi áhrif á aðlægt landbúnaðarsvæði eða nálæg náttúrusvæði eins og Grábrókarhraun."

39. 2210081 - Veðifélag Álftár - félagsfundur 14.10.2022

Sveitarstjóri leggur fram: Framlagt fundarboð félagsfundar í Veðifélagi Álftár sem haldinn verður 14.október 2022.

Fundargerðir til staðfestingar

40. 2209014F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 608

40.1 2203192 - Eignasjóður Slökkvistöð Sólbakka 13-15

- 40.2 2101133 - 10 ára áætlun slökkviliðs Borgarbyggðar
- 40.3 2209061 - 100 ára afmæli slökkviliðs Borgarbyggðar - erindi frá slökkviliðsstjóra
- 40.4 2209079 - 6 mánaða milliuppgjör 2022
- 40.5 2208021 - Breyting á samþykktum Borgarbyggðar 2022
- 40.6 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 40.7 2209004 - Kæra til sveitarstjórnar vegna álagningar fjallskila
- 40.8 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitarfélaga
- 40.9 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi
- 40.10 2201128 - Birkihlíð - útboðsgögn, verðfyrirspurn
- 40.11 2209074 - Flutningur þjónustuvers Borgarbyggðar á Digranesgötu
- 40.12 2209059 - Umsókn um lóð - Ásvegur 12
- 40.13 2208177 - Ásvegur 12 L174790 - Umsókn um lóð
- 40.14 2202151 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - fundargerðir 2022
- 40.15 2202060 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2022
- 40.16 2209058 - Veiðifélag Langár - félagsfundur
- 40.17 2209002F - Byggingarnefnd íþróttamannvirkja í Borgarnesi - 7
- 40.18 2208021F - Byggingarnefnd viðbyggingar við Gbf. á Kleppjárnsreykjum - 5

41. 2209020F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 609

- 41.1 2209071 - Starfsmannamál í leikskólum haust 2022
- 41.2 2203156 - Móttaka flóttamanna
- 41.3 2001144 - Húsnæðisáætlun Borgarbyggðar - uppfærsla
- 41.4 1908004 - Fyrirkomulag snjósmoksturs
- 41.5 2109147 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í íslenskum sveitarfélögum - stuðningsverkefni
- 41.6 2209091 - Stofnun Hollvinasamtaka Hamars
- 41.7 2203248 - Skipun fulltrúa í stjórn Handverkssjóðs FIB 2022
- 41.8 2110088 - Íþróttahús - Frumhönnun
- 41.9 2209155 - Flýting byggðarráðsfundar til 27. september

42. 2209026F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 610

- 42.1 2203257 - Samanburður við fjárhagsáætlun 2022
- 42.2 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022
- 42.3 2209236 - Eignasjóður almennt viðhald
- 42.4 2204068 - Umræða um drög að eigendastefnu Faxaflóahafna
- 42.5 2210020 - Afstaða byggðarráðs til uppbyggingar vindorkuvera í Borgarbyggð
- 42.6 2209193 - Umsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2022
- 42.7 2209239 - Erindi frá UNICEF á Íslandi til Borgarbyggðar vegna Ungmennaráð
- 42.8 2209149 - Áskorun frá Félagi atvinnurekenda, Húseigendafélaginu og

Landssambandi eldri borgara

- 42.9 2208269 - Bréf innviðaráðuneytis v. OR - Upplýsingabeidni
- 42.10 2209211 - Hafnasambandsþing 2022
- 42.11 2210015 - Til umsagnar 144. mál frá nefndasviði Alþingis
- 42.12 2210034 - Skýrsla um stöðu slökkviliða
- 42.13 2105172 - Fagrað slökkviliðsins - fundargerðir
- 42.14 2209010F - Byggingarnefnd viðbyggingar við Gbf. á Kleppjárnareykjum - 6
- 42.15 2203069 - Fundagerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2022
- 42.16 2202059 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2022
- 42.17 2201156 - Úrsögn úr afréttarfélagi

43. 2209016F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 129

- 43.2 2203156 - Móttaka flóttamanna
- 43.3 2201047 - Fræðsla um forvarnir
- 43.4 2207034 - Vegna umsóknar um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs
- 43.5 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga
- 43.6 2202023 - Nauðsynleg viðbrögð sveitarfélaga vegna breytingar á barnaverndarlögum
- 43.7 1709034 - Sérstakur húsnæðisstuðningur
- 43.8 1607129 - Þjónusta við aldraða
- 43.9 2005194 - Stefna í málefnum fatlaðra

44. 2209031F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 130

- 44.2 1907031 - Jafnréttisáætlun
- 44.3 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð
- 44.4 2209252 - Samþætting þjónustu við aldraða.
- 44.5 1912081 - Aldan framtíðarsýn - starfshópur
- 44.6 2005194 - Stefna í málefnum fatlaðra
- 44.7 2209225 - Ályktun UMSB um jafnt tækifæri til íþróttaiðkunar

45. 2209004F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 211

- 45.1 2008094 - Áheyrnarfulltrúar og hlutverk þeirra
- 45.2 2101082 - Skólastefna 2021-2025
- 45.3 2209014 - Handbók skólaþjónustu 2022-2023
- 45.4 2209010 - Samningur við Tröppu um talþjálfun
- 45.5 2207011 - Innra-mat grunnskólar 2021-2022
- 45.6 2209013 - Ársskýrslur grunn- og leikskóla 2022
- 45.7 2209027 - Starfsemi Óðal 2022-2023
- 45.8 2208132 - Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga
- 45.9 2209024 - Baráttudagur gegn einelti 8.nóvember 2022

46. 2206026F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 35

- 46.1 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 46.2 2109147 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í íslenskum sveitarfélögum - stuðningsverkefni
- 46.3 2206259 - Ársfundur náttúruverndarnefnda 2022
- 46.4 2206234 - Erindi um hundagerði á Hvanneyri
- 46.5 2208117 - Ályktun frá Búnaðarfélagi Lunddæla
- 46.6 2208130 - Deild umhverfis-og framkvæmdamála ágúst 2022

47. 2209012F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 36

48. 2209011F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 37

- 48.1 2203170 - Skógur í Varmalandi - Erindi frá Hollvinafélagi Varmalands
- 48.2 2206070 - Umhverfisviðurkenningar 2022
- 48.3 2206234 - Erindi um hundagerði á Hvanneyri
- 48.4 2209015 - Söfnun brotajárns ofl. 2022
- 48.5 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 48.6 1908004 - Fyrirkomulag snjómoksturs
- 48.7 2209106 - Deild Umhverfis-og framkvæmdamála skýrsla september 2022

49. 2210001F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 45

- 49.1 1902167 - Hraunsnef, breyting á aðalskipulagi
- 49.2 2207046 - Niðurskógur Húsafelli - Hraunbrekkur 34 L195348 - aðalskipulagsbreyting
- 49.3 2103130 - Litlu-Tunguskógur L219075 - Húsafell - Breyting á aðalskipulagi
- 49.4 2209249 - Borgarbraut 55-59 L135499 - Umsókn um breytingu á aðalskipulagi
- 49.5 2210035 - Norðtungu - L234245 - 234246 - Breytinga á aðalskipulagi
- 49.6 1812123 - Litlu-Tunguskógur - nýtt deiliskipulagi
- 49.7 2209098 - Húsafell-Fristundabyggð-Litlu-Tunguskógur-L219075
- 49.8 2206254 - Breyting á deiliskipulagi Borgarbrautar 55, 57 og 59, er varðar Borgarbraut 55
- 49.9 2210032 - Galtarholt II L135042 - Breyting á deiliskipulagi
- 49.10 2108070 - Hótel Varmaland fyrirhuguð uppbygging
- 49.11 2209241 - Nes 3 - L216102 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi
- 49.12 2208114 - Jafnaskarðsskógsland 134883 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 49.13 2206140 - Guðjónstún - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 49.14 2203018 - Húsafell 5 134504 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 49.15 2207174 - Grímarstaðir 5 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 49.16 2206048 - Álholt L-223706 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

- 49.17 2208128 - Innra-Fell - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 49.18 2208074 - Grjóteyri 2 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 49.19 2210033 - Birihlíð í Varmalandi - Umsókn um framkvæmdaleyfi
- 49.20 2210043 - Flatahverfi á Hvanneyri - Umsókn um framkvæmdaleyfi
- 49.21 2209087 - Tilkynningarskyld framkvæmd mælímastur - Sigmundarstaðir L134748
- 49.22 2209026 - Vilmundarstaðir 2 L216109 - Nafnabreyting
- 49.23 2208251 - Skíðsholt L136027 - Klettakot L198779 - Nafnabreyting
- 49.24 2209248 - Laugagerði - ósk um umsögn
- 49.25 2111243 - Gjaldskrá Skipulags- og byggingardeildar 2022
- 49.26 2208191 - Umbótavinna í skipulags- og byggingardeild
- 49.27 2209235 - Fjárhagsáætlun skipulags- og byggingardeildar 2022
- 49.28 2209009F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 200
- 49.29 2209022F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 201

50. 2209029F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 39

- 50.1 2112089 - Skýrsla samskiptastjóra
- 50.2 2107033 - Starfs- og fjárhagsáætlun - Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd
- 50.3 2209061 - 100 ára afmæli slökkviliðs Borgarbyggðar - erindi frá slökkviliðsstjóra

10.10.2022

Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri.